



UMSÖGN

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarvogs

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um almenningssamgöngur og tengingar við Gufuneshverfið (R21100248).

Á fundi íbúaráðs Grafarvogs þann 6. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um íbúafjölda í Gufuneshverfi og fjölda skólabarna. Eins óskar ráðið eftir upplýsingum um tengingu almenningssamgangna við hverfið, (þ.m.t. skólaakstur), hvernig þær standa nú og hvenær stendur til að bæta tengingu almenningssamgangna við hverfið? Auk þess sem óskað er eftir upplýsingum um stígatengingar við hverfið.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Samkvæmt upplýsingum úr gagnagrunni Reykjavíkurborgar eru skráðir íbúar í Gufuneshverfi alls 77 sbr. eftirfarandi aldursdreifingu:

Aldursbil	Fjöldi
0 – 5 ára	4
6 – 12 ára	3
13 – 16 ára	0
17 – 24 ára	9
25 – 34 ára	35
35 – 66 ára	26
67 ára og eldri	0



Samkvæmt tillögum að nýju leiðakerfi Strætó er gert ráð fyrir akstri eftir Strandvegi sem og tengingu frá Gufuneshverfi og í Spöng. Samráðsferli vegna nýja leiðakerfisins er enn í gangi og íbúar hafa kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum 7. desember sl. að auka framlög til strætósamgangna í Gufunesi. Frá og með 2. janúar sl. hefur Strætó því boðið upp á pöntunarþjónustu í formi leigubíls sem skutlar farþegum frá Gufunesi og að Spöng.


Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði tilheyrir Gufuneshverfi skólahverfi Borgarskóla og Víkurskóla. Frá áramótum 2022 og til loka skólastarfs í júní 2022, eða þar til aðgengi og öryggi gangandi vegfarenda þarna á milli hefur verið tryggt, mun skólaakstur standa börnum til boða sem búa í þessu hverfi. Skólaaksturinn mun einnig standa nemendum á unglingastigi í Víkurskóla til boða.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við nýja stígatenginu við hverfið verði lokið næsta vor. Meðfylgjandi er uppdráttur af fyrirhugaðri legu nýja stígsins.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:


1. Gufunes 1. áfangi – Stígur að Strandvegi – Yfirlitsmynd.



SKÝRINGAR:

- Verkmörk
- Hellulögð gangstétt
- Malbikaður göngu- og hjólastígur
- Landmótun, gras

- Núverandi hitaveitulögn
- Núverandi vatnslögn
- Núverandi raflögn



www.verkis.is - sími: 422 8000

SAMÞYKKT:

1 2021-11-15 Til yfirferðar HeTG HeTG GJ GJ

ÚTG DAGS SKÝRINGAR TEIK HANN RÝNT SAMÞ

VERKFANG 18117 TEIKNING 003.C72.B21



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411 1111

GUFUNES 1. ÁFANGI
STÍGUR AÐ STRANDVEGI
Yfirlitsmynd

Mkv: 1:2000

Stærð: A2

Teikn. nr.:

Útg.:

Dags:

B21

1